

	Hundrað.		Alin.	
	kr.	aur.	kr.	aur.
Meðalverð á hverju hundraði og hverri alin í nefndum landaurum verður:				
<i>Eptir A, eða í fríðu</i>	103	1	»	86
— <i>B, — í ullu, smjöri og tólg</i>	70	95	»	59
— <i>C, — í tóvöru af ullu</i>	72	39	»	60
— <i>D, — í fiski</i>	69	97	»	58
— <i>E, — í ljysi</i>	41	32½	»	34
— <i>F, — í skinnavöru</i>	54	69	»	46
En meðalverð allra landaura samantalin	412	33½	3	43
og skipt með 6 sýna:				
meðalverð allra meðalverða	68	72	„	57

47
14. febr.

Skrifstofu norður- og austuramtsins, 14. dag febrúarmán. 1884.

I umboði herra biskupsins

J. Havsteen
settur.*Davíð Guðmundsson.*VIÐAUKAGREINIR¹

við póstaávisanasamning frá 22. apríl og 16. maí 1871 milli aðalstjórnar póstmálanna í konungsríkinu Danmörku og aðalpóststofunnar í hinu sameinaða konungsríki, Bretlandi hinu mikla og Írlandi.

48
14. des.
og
31. des.
1883.

Yfirstjórn póst- og telegrafmálanna í konungsríkinu Danmörku annarsvegar og aðal-póstmeistarinn í hinu sameinaða konungsríki Bretlandi hinu mikla og Írlandi hinsvegar hafa

samkvæmt 20. grein í póstaávisanasamningi þeim, er póststjórnin danska og aðal-póststofa Breta gjörðu með sjer, og dagsettur var 22. apríl 1871 í Kaupmannahöfn og 16. maí s. á. í London,

og sökum þess, að æskilegt þótti, að því yrði á komið, að póstaávisanir gætu gengið beina leið milli hins sameinaða konungsríkis og Íslands eptir samskonar reglum og ákveðnar eru í ofangreindum samningi

komið sjer saman um eptirfylgjandi atriði:

1. Póstaávisanir skulu ganga á milli hins sameinaða konungsríkis Bretlands hins mikla og Íslands annarsvegar og Íslands hinsvegar.

2. Upphæðirnar skal eingöngu tilfæra í enskum og dönskum peningum, og skal breytingin frá einni mynt til annarar fara fram eptir sama hlutfalli og ákveðið er um póstaávisanaupphæðir milli hins sameinaða konungsríkis og Danmerkur eða svo, að 18 kr. 15 a. sje jafnt ensku pundi. Hlutfalli þessu má þó breyta, ef sú breyting skyldi einhverntíma verða á peningaverðinu í hinu sameinaða konungsríki og Danmörku, að þess gjörðist þörf.

3. Allar póstaávisanir, sem útgefnar eru í hinu sameinaða konungsríki til útborgunar á Íslandi, á aðalpóststofan í London að tilfæra nákvæmlega á skrá, er samdar sjeu samkvæmt fyrirmyndinni A., er hept er við samninginn frá 22. apríl og 16. maí 1871, og skulu skrár þessar sendar beina leið til póstmeistarans í Reykjavík.

Eptirrit af sjerhverri slíkri skrá skal sama dag sent til hinnar dönsku ávísana-skrifstofu í Korsör, og til þess, að komast hjá þeim vandræðum, er kynnu að leiða af

1) Viðaukagreinir þessar eru samdar og undirskrifaðar á dönsku og ensku, en hjer er aðeins sett íslensk þýðing af þeim.

48 því, ef frumskrárnar týndust, á skrifstofan í London að senda samrit af skránum með
14. des. næstu ferð til pósthótelarans í Reykjavík.

31. des. og 1883. 4. Allar pósthótelanir, sem útgefnar eru á Íslandi, skal pósthótelarinn í Reykja-
vík með nákvæmum einkennum (svo, að bæði sendandi og viðtakandi sjeu til-
greindir fullum nöfnum) rita á skrár samkvæmt fyrirmyndinni A við hinn áður nefnda
samning, og eiga skrár þessar að sendast beina leið til Englandis og vera stílaðar til yfir-
manns pósthótelanaskrifstofunnar í London (The Controller, Money Order Office, General
Post Office, London).

Eptirit af sjerhverri slíkri skrá skal jafnframt sent hinni dönsku ávísanaskrifstofu
í Korsör, og með næstu ferð á eptir á samrit af skránni að sendast yfirmanni pósthótelan-
anaskrifstofunnar í London.

5. Ef þurfa skyldi einhverrar leiðrjettingar viðvíkjandi útborgun pósthótelana, á
yfirmaður pósthótelanaskrifstofunnar í London að snúa sjer beina leið til pósthótelar-
ans í Reykjavík; og sömuleiðis á pósthótelarinn í Reykjavík, þegar eins stendur á, að
snúa sjer beint til yfirmanns pósthótelanaskrifstofunnar í London.

6. Hinni dönsku pósthótelanaskrifstofu í Korsör skulu tafarlaust tilkynntar allar
leiðrjettingar á pósthótelanaupphæðum og aðalupphæðum skráanna.

7. Við lok hvers almanaksmánaðar á ávísanaskrifstofan í London að rita á
eyðublað samkvæmt fyrirmyndinni B við samninginn frá 22. apríl og 16. maí 1871
sundurliðaða skýrslu, þarsem tilfærð sje aðalupphæð hvernar skráar, er þann mánuð hef-
ur komið frá Reykjavík; og við lok hvers mánaðar á hin danska ávísanaskrifstofa í
Korsör að semja samskonar skýrslu yfir aðalupphæðir skráanna yfir ávísanir þær, er út-
gefnar hafa verið í hinu sameinaða konungsríki og sendar til Reykjavíkur.

8. Rannsókn, leiðrjetting og viðurkenning skýrslna þeirra, er um er getið í 7
gr., skal fram fara á þann hátt, sem ákveðið er í 17. gr. samningsins frá 22. apríl
og 16. maí 1871 og skal hin danska pósthótelan taka hinar viðurkenndu upphæðir upp á
aðalreikning þann, er getur um í 18. gr. nefnds samnings.

9. Í þeim atriðum, sem eigi er minnt á hjer að framan, skal um pósthótelan-
anasendingar milli hins sameinaða konungsríkis og Íslands fylgt sömu reglum og gilda
milli hins sameinaða konungsríkis og Danmerkur¹.

10. Greinir þessar skulu skoðaðar sem viðauki við pósthótelanasamning þann,
er tilgreindur er í þeim, og skulu þær öðlast gildi 1. apríl 1884.

Þær eru samdar í tvennu lagi og undirskrifaðar 14. desember 1883 í London
og 31. desember 1883 í Kaupmannahöfn.

Lund
(L. S.).

Henry Fawcett
(L. S.).

1) Skal hjer helzt talið til af reglum þessum það, er hjer segir:

1. Pósthótelanir mega eigi hljóða uppá meira en 10 ensk pund eða 180 kr. hver.
2. Hvor pósthótelaninn fyrir sig (hin enska og hin íslenska) ákveður ávísunargjaldið (burðargjaldið) hjá
sjer, og ræður einnig verðinu á peningum hinnar þjóðarinnar við innborganir hjá sjer (Innbetalings-
kursen). Er þannig ávísunargjaldið frá Íslandi til Englandis ákveðið af íslensku pósthótelaninn 25 a.
fyrir 50 kr. eða minni upphæð, 50 a. fyrir meiri upphæð en 50 kr. allt að 100 kr. og 75 a. fyrir
upphæð sem er stærri en 100 kr. allt að 180 kr.; og eins er verð enskra peninga við innborgun á
pósthótelanu í Reykjavík ákveðið 18 kr. 20 a. fyrir enskt pund.
3. Ef upphæð pósthótelanar eigi hefur hafin verið innan loka hins 12. mánaðar eptir þann mánuð, er
hún var gefin út (ef hún t. d. er gefin út í janúar og eigi útborguð fyrir lok næsta janúarmán-
aðar), þá eignast það land upphæðina, þarsem hún var innborguð, ef pósthótelaninn þar eigi af sjer-
stökum ástæðum vill viðurkenna óskertan rjett hlutaðeiganda.